

EFTIRLITSSKÝRSLA

OLÍUBIRGÐARSTÖÐ SKELJUNGS Á ESKIFIRÐI

Dagsetning	9. júní 2011	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Skeljungur hf.	Starfsleyfi, gildir til	31. janúar 2018
Heimilisfang	Hólmaslóð 8, 101 Reykjavík	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	590269-1749	Fulltrúar fyrirtækis	Aðalsteinn Árnason
Isat nr.	51.51.0	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	N65 04,450 V14 01,843
Starfsemi	Heildverslun með fast, fljótandi og gaskennt eldsneyti og skyldar vörur		

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom fram eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi. Engin önnur athugasemd er gerð við stöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir rekstrarhandbók fyrir stöð Skeljungs á Eskifirði, skráningar og mælingar sem kröfur eru gerðar um. Lokið hefur verið við botnþykktarmælingar á geymum 740-B203 og 740-B206, verksmiðjulögn þrýstiprófuð og nýlegar mælingar á olíuleifum í frárennsli sýna að ástand mála er gott.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru til staðar. Skeljungur hefur í notkun mánaðarlegt skráningarblað sem er notað á öllum birgðastöðvum þeirra, þar sem skráð er ýmist viðhald og eftirlit í birgðastöðvunum.

Farið var í skoðun á olíubirgðastöðinni, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þrær), olíuskiljur og fráveitumál.

Vegna landsigs í stöðinni hefur þurft að breyta fráveitumálum og dæla vatni frá neðri þró upp í olíuskilju. Einnig er í gangi missig sem brotið hefur þróargólfið í eldri þrónni. Hanna þarf viðgerðir á þrónni þannig að hún haldi vatni (olíu) eins og hún er hönnuð til.

Girðingar og hlið voru í góðu lagi og stöðin snyrtileg ásýndar.



FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik 1: Gera þarf við leka þró um neðri geymana

Krafa í starfsleyfi, grein 2.1, um að geymar séu í olíuheldri þró. Við eftirlit sáust sprungur og göt í botni neðri þróarinnar sem stafa af landsigi á uppfyllingunni þar sem stöðinni var fundinn staður. Hanna þarf lausn á þessu og ráðast í viðgerðir.

Athugasemd:

Engin athugasemd var gerð við stöðina.

Reykjavík, 28/09/2011

Undirskrift eftirlitsaðila

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.